

Richard Wagner félagið á Íslandi

- Richard Wagner Verband Island -
Vesturgata 36B - 101 Reykjavík - sími/fax: 5517292

Haustfagnaður Wagnerfélagsins í Þingholti 9. október

Dagsskrá:

- Kl. 18 Stephan Jöris frá Bayreuth segir frá Wolfgang Wagner og störfum hans í Bayreuth sem leikhússtjóri, leikstjóri og sviðsmyndahönnuður. (Á ensku).
- Kl. 19 Sælustund á barnum. Hin bráðefnilega unga mezzósópransöngkona Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir syngur fyrir gesti ásamt Hrefnu Eggertsdóttur píanóleikara. Guðrún Jóhanna stundar nám við Tónlistarskólann í Reykjavík hjá Ruth Magnússon en fer á næsta ári til Bretlands í framhaldsnám. Guðrún söng hlutverk Orlovskis í sýningu Íslensku óperunnar á Leðurblökunni sl vetur og þótti standa sig frábærlega.
- Kl. 20 Þríréttaður kvöldverður fyrir veislugesti. Matseðill a la Holt:

* * * * *

Saltfiskbrandade og kryddjurtabakaður þorskhakki með tómatauki og balsamico vinaigrette.

* * * * *

Ofnbakaður lambhryggvöðvi vafinn í blaðdegi með eggaldin "confit" og hvítlaukssóðsösu.

* * * * *

Súkkulaðitarte með rjóma og kaffisírópi

* * * * *

(Verð kr. 3.800)

Veislustjóri verður Eiríkur Tómasson lagaprófessor. Ræðumenn undir borðum verða Ásdís Kvaran, sem segir frá því hvernig Richard Wagner hreif hana upp úr skónum og Steinn Jónsson læknir, sem segir frá fyrstu heimsókn þeirra hjóna á Bayreuthháttidina sl. sumar. Auk þess mun Sólrún Jensdóttir vitna í dagbækur Cosimu.

Þátttakendur tilkynni sig og gesti sína sem fyrst og eigi síðar en fimmtudaginn 7. október til Sólrúnar Jensdóttur í síma 5609532 eða til formanns í síma 5517292. netfang: arni@tv.is

Niflungahringurinn í Helsinki í júní 2000.

20 miðar á góðum stað standa til boða á Niflungahringinn í uppfærslu Götz Friedrich og Leifs Segerstam við óperuna í Helsinki 5. - 12. júní árið 2000. Enn er stórum hluta þessara miða óráðstafað. Áhugasamir tilkynni þáttöku fyrir miðjan okt. Miðana þarf að greiða um mánaðarmótin okt/nóv. Verð miða sem gildir á allar 4 sýningarnar er 2100 finnsk mörk.

Athugið að myndbandssýningar félagsins á Niflungahringnum hefjast 30. okt. kl. 14 í Norræna húsinu með sýningu Rínargullsins. Uppfærsla frá Metropolitan óperunni, N.Y.